



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík 27. mars 2020

2003038SA BG/MIK/VRB

Málalykill: 03.13

Efni: Spurt og svarað um bakvarðasveit velferðarþjónustunnar

Hvar fær sveitarfélag upplýsingar um hvaða einstaklingar eru í bakvarðarsveit í sínu nágrenni?

Þau sveitarfélög sem óska eftir að ráða starfsfólk úr bakvarðasveit velferðarþjónustunnar nálgast upplýsingar um liðsauka hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sveitarfélög hafa síðan samband við bakverði og er ráðningarsambandið á milli einstaklings og viðeigandi sveitarfélags. María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi veitir sveitarfélögum upplýsingar um bakverði og er netfangið hennar maria@samband.is.

Hvernig er staðið að ráðningum?

Fulltrúi sveitarfélagsins hefur samband við þann einstakling úr bakvarðarsveit er hann hefur hug á að ráða tímabundið. Í flestum tilfellum er það sá sem almennt sér um ráðningar á viðkomandi starfsstöð. Einfaldast er að ráða einstaklinga í tímavinnu þar sem orlof er greitt jafnóðum og mælst er til þess að sú leið sé farin. Sveitarfélögum er þó heimilt að ráða í hlutastörf eða full störf ef þau telja að slík útfærsla henti betur. Þarf þá sérstaklega að gæta að orlofsgreiðslum til þeirra starfsmanna.

Þegar öll atriði um ráðningu eru komin á hreint fær viðkomandi ráðningarsamning í tölvupósti þar sem óskað er eftir því að einstaklingurinn staðfesti þær upplýsingar og ráðningarsambandið.

Sé um starf að ræða er krefst upplýsingaöflunar úr sakaskrá ber að senda einnig til viðkomandi aðila ósk um heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá og óska eftir því að viðkomandi staðfesti þá heimild í tölvupósti. Félagsmálaráðuneytið vinnur að því að útbúa leið þannig að þessi vinna gerist samhliða því að aðili skrái sig í bakvarðarsveit. Þessar leiðbeiningar verða uppfærðar þegar niðurstaða er komin í þá vinnu.

Ber að leita umsagna?

Meta þarf í hverju tilfelli fyrir sig hvort leita þarf umsagna eða ekki. Við það mat skal m.a. horft til þess hvort einstaklingurinn sé í einhverjum tilfellum einn með einstakling í viðkvæmri stöðu og hvort einstaklingurinn hafi áður unnið hjá sveitarfélaginu.

Laun

Laun taka mið af kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags hjá viðkomandi sveitarfélagi

Réttindi bakvarðarstarfsmanna

Orlofsréttindi eru greidd jafnóðum sé um tímavinnu að ræða. Sé um hlutastarf eða fullt starf að ræða þarf að gæta sérstaklega að orlofsgreiðslur séu tryggðar.

Réttarstaða starfsmanna er ráðnir eru í gegnum bakvarðarsveit velferðarþjónustu eru í samræmi við þann kjarasamning er kemur fram í ráðningasamningi. Í ljósi aðstæðna eru sveitarfélög hvött til að tryggja umræddum starfsmönnum allt að 30 daga veikindarétt.